

Atvinnuvegaráðuneytið

Skrifstofa viðskipta og markaða
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2026

E-2026-022/00.11

Efni: **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestir o.fl.)**

Landsvirkjun vísar til máls S-24/2026 sem auglýst er í samráðsgátt stjórnvalda. Um er að ræða drög að frumvarpi þar sem innleiddar eru tvær Evróputilskipanir sem teknar hafa verið upp í EES-samninginn. Um er að ræða framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2775 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34, að því er varðar stærðarmörk félaga og tilskipun (ESB) 2021/2101 um breytingu á tilskipun (ESB) 2013/34, að því er varðar skyldu tiltekinna fyrirtækja til að útbúa og birta skýrslu með tekjuskattsupplýsingum. Jafnframt stendur til að breyta lögum nr. 3/2006 þannig að stærri og kerfislega mikilvæg fyrirtæki skili ársreikningi fyrr á árinu en minni félög.

Að mati Landsvirkjunar er hér um jákvæðar breytingar að ræða og styður fyrirtækið öll áform stjórnvalda sem leiða til aukinnar skilvirkni og einföldun regluverks. Landsvirkjun fagnar sérstaklega tillögu um að hækka stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga til samræmis við breytingar innan Evrópusambandsins.

Landsvirkjun ítrekar fyrri ábendingu um mikilvægi þess að stjórnvöld geri ráðstafanir til að samræma önnur stærðarviðmið í lögum um ársreikninga til samræmis við breytingar ESB. Einföldun regluverks og endurskoðaðar kröfur á atvinnulífið er mikilvægur hluti af átaki Evrópusambandsins til að auka samkeppnishæfni álfunnar. Áriðandi er að Ísland fylgi vegferð Evrópu og gæti samhliða að því að hagsmunir landsins séu tryggðir. Er hér sérstaklega vísað til hinna svokölluðu Taxonomy (2020/852/EB) og CSRD (2022/2464/EB) reglugerða, sem m.a. eru innleiddar að hluta með lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Landsvirkjun hvetur stjórnvöld til að innleiða breyttar reglugerðir sem fyrst og aflétta þannig auknum kröfum á íslensk fyrirtæki sem auka kostnað og skerða samkeppnishæfni þeirra. Mikilvægt er að íslensk fyrirtæki sæti ekki kröfum sem Evrópa hefur fallið frá.

Nánnar um afleiðingar þess að innleiða ekki umræddar breytingar

Umræddar reglugerðir hafa hlotið mikla gagnrýni vegna íþyngjandi, kostnaðarsamra og samkeppnishamlandi krafna og hefur Evrópusambandið brugðist við með því að stöðva innleiðingu þeirra (e. Stop the Clock). Sambandið hefur nú náð sátt um breytingartillögur sem fækka mun fyrirtækjum sem falla undir gildissvið reglnanna um allt að 80%. Þúist er við að breytingarnar verði samþykktar fyrri hluta árs 2026 og í kjölfarið innleiddar af aðildarríkjum. Á Íslandi munu þessar breytingar þýða að einungis örfá íslensk fyrirtæki komi til með að falla undir upplýsingaskyldu.

Hérlandis hefur Taxonomy reglugerðin þegar verið innleidd í íslensk lög (lög nr. 25/2023) og fjöldi innlendra fyrirtækja sinnt umfangsmikilli og kostnaðarsamri upplýsingagjöf á grundvelli hennar undanfarin ár. CSRD reglugerðin hefur ekki verið innleidd í íslensk lög þótt undirbúningur hafi verið kominn langt.



Landsvirkjun bendir sérstaklega á að í gildandi lögum um Taxonomy reglugerðina, nr. 25/2023, er að finna óbeina innleiðingu á tveimur greinum CSRD reglugerðarinnar. Um er að ræða beina vísun til 8. gr. tilskipunar 2020/852/EB sem tiltekur að umrædd 8. gr. þeirrar reglugerðar skuli gilda um fyrirtæki sem falli undir 19. gr.a og 29. gr.a CSRD reglugerðarinnar (tilskipun 2013/34/EB). Þessi staða leggur þannig enn auknar skyldur á herðar íslenskra fyrirtækja sem ættu að vera undanskilin samkeppnishamlandi upplýsingagjöf og er mikilvægt að stjórnvöld leiðrétti þá stöðu. Er sérstaklega bent á að lög nr. 25/2023 tóku gildi 1. júní 2023 og því er þessi upplýsingaskylda virk á Íslandi þrátt fyrir að Evrópusambandið hafi nú þegar frestað gildistöku hennar. Er mikilvægt að við því verði brugðist.

Í ljósi umfjöllunar að ofan er sérstaklega mikilvægt að lögum um ársreikninga og lögum nr. 25/2023 verði breytt til samræmis við þegar samþykktar og ekki síður boðaðar breytingar ESB á ófjárhagslegri upplýsingagjöf, sem nú er innleidd í 66. gr.d laga um ársreikninga og með lögum nr. 25/2023, um upplýsingagjöf á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar ásamt reglugerð 10/2024 um flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Landsvirkjun benti á í fyrri umsögn sinni við frumvarpsáform að gæta þyrfti samræmis milli tímafresta á ársreikningaskilum og lögum um aðalfundi fyrirtækja. Benti fyrirtækið á sem dæmi að samkvæmt lögum um Landsvirkjun nr. 4/1984 skuli aðalfundur fyrirtækisins haldinn í apríl ár hvert. Verði tímafrestir þrengdir frekar á næstu stigum bendir fyrirtækið á nauðsyn þess að gera samsvarandi og samhliða breytingar á öðrum viðeigandi lagarömmum, s.s. lögum um Landsvirkjun.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Rafnar Lárusson
Framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni